

## Fyrsta fréttabréf

### Hver eru markmið sjálfbærni verkefnisins „Sustainable“?

Umskipti yfir í sjálfbærari hætti (samfélagslega, efnahagslega, pólitíska og innan menntastofnana) er alþjóðleg áskorun þar sem umskiptin snúa að öllum hliðum nútíma lífnaðarhátta. Þar af leiðandi þurfa lausnirnar að vera heildrænar og alþjóðlegar. Nauðsynlegt er að afla þekkingar og skilnings áður en hafist er handa við aðgerðir og því teljum við menntun vera í lykilhlutverki.

Menntun stuðlar að þróun menningarlegra breytinga og þróun í átt að sjálfbærni og leggur þar með grunn að áhrifaríkum aðgerðum í umskiptum yfir í sjálfbærari hætti. Eitt af markmiðum okkar er að bjóða upp á fullorðinsfræðslu sem byggir á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og mannréttinda nálgunum.

Samstarfsaðilar Erasmus+ verkefnisins SUSTAINABLE (sjálfbærni) hafa tekið eftir að erfitt er að breyta vöruframleiðslu og neysluvenjum til sjálfbærni, menntun er þó öflugt tól til þess að valdefla einstaklinga og hópa til breytinga. Samstarfsaðilar verkefnisins vilja kanna hvernig menntun getur nýst til að aðstoða sjálfbærni og til þess að hjálpa fólki og samtökum við umskipin og auka þar með sjálfbærni í hversdagslífinu.

Þess vegna stefna samstarfsaðilar verkefnisins að því að auka hæfni kennara og þjálfara sem sinna fullorðinsfræðslu og gera þeim kleift að:

- *Hafa heildræn áhrif á sjálfbærar breytingar*
- *Umbreyta gildum og menningu*
- *Heila jörðina og mannleg samfélög*
- *Þróa hugmyndir og skapandi lausnir*

Þar að auki munum við hvetja til aukinnar meðvitundar og aðgerða fyrir alþjóðlegar breytingar:

- Engin fátækt og ekkert hungur
- Góð heilsa og vellíðan fyrir alla
- Góð menntun
- Hreina orku
- Sjálfbær samfélög
- Og margt fleira...

### Hvernig getur þú fylgst með þróun okkar og framförum?

Heimsóttu vefsíðuna okkar <https://sustainable-project.eu/en> þar sem hægt er að nálgast allt það efni sem við höfum þróað. Efnið er ætlað til að aðstoða kennara en einnig til þess að veita innsýn fyrir þá sem eru áhugasamir um sjálfbærni og mikilvægi þess. Ef þú ert kennari í fullorðinsfræðslu þá erum við eins og er að þróa kennsluefni, gagnleg tól og aðferðir ætlaðar til þess að styðja við þig og þína kennslu. Þú munt geta nálgast efni um leiðir til þess að auka meðvitund um umhverfissjónarmið og grænar leiðir, góðar venjur við að hanna árangursríkt kennsluefni auk tóla og aðferða til þess að nýta í þinni kennslu/þjálfun.

Þú getur einnig fylgt okkur á Facebook til að fylgjast með fréttum um verkefnið.

@ [Sustainable project on Facebook](#)

### Hvað hefur nú þegar verið gert?

Stuttu eftir að verkefnið hófst í nóvember 2020 hófust meðlimir handa við að safna saman dæmum um góð vinnubrögð frá sínu landi til þess að nýta í fyrsta hluta kennsluefnisins: LET'S UNDERSTAND (skiljum) – sjálfbærni leiðarvísingum sem mun innihalda umfjöllum um Heimsmarkmið Sameinuðuþjóðanna, sjálfbær umræðuefni ætluðum kennurum á grunn-, framhaldsskóla- og fullorðins stigi auk fræðilegs bakgrunns og staðreynda um loftlagsbreytingar. Leiðarvísirinn mun veita hagnýtar upplýsingar til að kynna og skapa meðvitund um þær áskoranir og ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að takast á við þau vandamál sem við stöndum frammi fyrir. Leiðarvísirinn var unninn í sameiningu þar sem eitt samstarfsland var ábyrgðaraðili og sá um fræðilegan bakgrunn auk þess sem hvert samstarfsland lýsti tveimur góðum aðferðum til vitundarvakningar. Leiðarvísirinn verður prufukeyrður af fulltrúum markhópsins og efnið aðlagð að ábendingum þeirra. Loka útgáfa leiðarvísisins verður svo aðgengileg öllum á heimasíðu verkefnisins á tungumálum samstarfslandanna.

### Hverjir vinna að sjálfbærnis verkefninu „SUSTAINABLE“?

Meðlimir í sjálfbærnisverkefninu SUSTAINABLE tilheyra 9 stofnunum frá 8 löndum innan Evrópu.



Erasmus+

HÄLSINGLANDS UTBILDNINGSFÖRBUND Svíþjóð - [www.hufb.se](http://www.hufb.se)

CIEP asbl - Belgía - [www.ciep.be](http://www.ciep.be)

Teachers' Union of Ireland - Írland - [www.tui.ie](http://www.tui.ie)

Civiform società cooperativa sociale – Ítalía - [www.civiform.it](http://www.civiform.it)

"NaturFreunde Deutschlands" Verband für Umweltschutz, sanfter Tourismus, Sport und Kultur,  
Landesverband Thüringen e.V. – Þýskaland - [www.naturfreundejugend-thuringen.de](http://www.naturfreundejugend-thuringen.de)

Innovation Training Center, S.L. – Spánn - [www.innovationtc.es](http://www.innovationtc.es)

Nýheimar þekkingarsetur – Ísland - [www.nyheimar.is](http://www.nyheimar.is)

Fundatia Central Educational Spektrum - Rúmenía – [www.sec.ro](http://www.sec.ro)

Asociatia Eco Trend Egyesulet – Rúmenía – [www.eco-trend.ro](http://www.eco-trend.ro)

**Ekki hika við að fylgja okkur á FB, heimsækja heimasíðuna okkar eða hafa samband við samstarfsaðila í þínu landi ef þú villt vita meira um verkefnið!**